


HJARTAVERND





Möguleiki fyrir þig, fyrir SÍBS

Nú eru meiri möguleikar en nokkru sinni fyrr á því að hljóta einhvern af hinum veglegu vinnungum happdrættis okkar.

En það eru ekki aðeins þínir möguleikar til vinnings sem aukast, möguleikar SÍBS til þess að halda áfram uppbyggingu á Reykjalundi aukast til muna, og þar með aukast einnig möguleikar á hjálp, fyrir alla þá sem þurfa á endurbæfingu að halda.



Happdrætti SÍBS
Auknir möguleikar allra

HJARTAVERND



14. ÁRGANGUR
2. TÖLUBLAÐ
DESEMBER 1977

EFNISYFIRLIT:

TÍU ÁRA STARFSEMI RANNSÓKNARSTÖÐVAR HJARTAVERNDAR	1
MATARÆÐI, KÓLESTERÓL OG KRANSÆÐASJÚKDÓMAR	4
GUNNAR SIGURÐSSON	
HOLDAFAR	9
BJARNI TORFASON	
SJÚKDÓMAR Í MELTINGARFÆRUM HJÁ ÍSLENDINGUM	17
BJARNI ÞJÓÐLEIFSSON	
RANNSÓKNIR HJARTAVERNDAR	23
NIKULÁS SIGFÚSSON	
FRÉTTIR, FRÁSAGNIR, o.fl.	5 - 33 - 35

KÁPA: AUGLÝSINGASTOFAN HF.
GÍSLI B. BJÖRNSSON, LÁGMÚLA 5

SETNING, UMBROT, FILMUVINNA OG PRENTUN:
SVANSPRENT HF.

ÚTGEFANDI: HJARTAVERND, LANDSSAMTÖK HJARTA- OG
ÆÐAVERNDARFÉLAGA Á ÍSLANDI

RITSTJÓRAR: SNORRI P. SNORRASON LÆKNIR OG
NIKULÁS SIGFÚSSON LÆKNIR

AFGREIÐSLA BLAÐSINS: SKRIFSTOFA HJARTAVERNDAR,
AUSTURSTRÆTI 17, VI. HÆÐ - SÍMI 19420

Tíu ára starfsemi Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar

Yfirlit um hóprannsóknir í Reykjavík og nágrenni og svæðisrannsóknir úti á landi.

Í október síðastliðnum hafði Rannsóknarstöð Hjartaverndar að Lágmúla 9, Reykjavík, starfað í tíu ár. Á þessu tíu ára tímabili hafa verið framkvæmdar hóprannsóknir á konum og körlum á vissu aldursskeiði í Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélögum og svæðisrannsóknir úti á landsbyggðinni. Rannsóknin er margvísleg en aðaltilgangur hennar er að leita að hjarta- og æðasjúkdómum og öðrum kvillum sem þeim valda. Reykjavíkursvæðið nær yfir eftirtalin sveitarfélög auk höfuðborgarinnar: Seljavarnes, Kópavog, Garðabæ, Bessastaðahrepp og Hafnarfjörð.

Hér á eftir er yfirlit um framkvæmd rannsóknanna í hinum einstöku byggðarlögum.

I. Rannsóknir á Reykjavíkursvæðinu

1. Fyrstu two mánuðina sem rannsóknarstöðin starfaði, október og nóvember 1967, voru rannsakaðir ýmsir hópar til að reyna tæki og þjálfa starfsfólk. Þetta voru stúdentar, starfsfólk ið sjálft og ýmsir einstaklingar, alls um 200 manns.

En undir lok nóvember hófst hin skipulagða hóprannsókn á Reykjavíkursvæðinu. Hún var þannig undirbúin að valinn var út úr þjóðskránni samkvæmt manntali 1. des. 1966 ákveðinn fjöldi karla og kvenna á aldrinum 34-60 ára. Þessum fólksfjölda var skipað niður í þrjá flokka, A, B, og C-flokk, en rannsóknin

var síðan framkvæmd í þremur áföngum. Í öðrum og þriðja áfanga voru þáttakendur úr fyrsta áfanga boðaðir til endurskoðunar, eins og sést á eftirfarandi yfirliti.

2. 1. áfangi. B-flokkur.

Karlar.

Alls voru boðaðir 2.955

Alls komu 2.203 eða 75.1%

Rannsóknartími: 1967 - 1968.

Konur.

Alls voru boðaðar 3.093

Alls komu 2.302 eða 75.7%

Rannsóknartími: 1968 - 1969.

3. 2. áfangi. B og C-flokkar.

Karlar.

Alls voru boðaðir 5.699

Alls komu 4.063 eða 74%

Rannsóknartími: 1970 - 1971.

Konur.

Alls voru boðaðar 6.078

Alls komu 4.188 eða 71%

Rannsóknartími: 1971 - 1972.

4. 3. áfangi. A, B og C-flokkar.

Karlar.

Alls voru boðaðir 8.454

Alls komu 5.604 eða ca. 70%

Rannsóknartími: 1974 - 1976.

Konur.

Alls voru boðaðar 9.005

Rannsóknir hófust á þessu ári og 1. júlí höfðu 734 komið.

5. Rannsókn á ungu fólki í Reykjavík.

Á árunum 1973 - '74 fór fram rannsókn á ungu fólki í Reykjavík sem fætt var á árunum 1940, '44, '45, '49, '50, og '54, þ.e. úrtaki úr sex árgögnum.

Alls voru boðaðir 2.781.

Alls komu 1.591. eða um 57%

II. Rannsókn utan Reykjavíkursvæðis

6. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Keflavík.

Karlar 40 - 60 ára.

Alls voru boðaðir 1.096

Alls komu 784 eða 71%

Rannsóknartími: Sept. 1969 - febrúar 1970.

Rannsóknarstaður: Rannsóknarstöð Hjarta-verndar, Lágmúla 9, Reykjavík.

Konur 40 - 60 ára.

Alls voru boðaðar 1.030

Alls komu 680 eða 66%

Rannsóknartími: Febrúar - júlí 1970.

Rannsóknarstaður: R.H. Lágmúla 9, Reykjavík.

7. Akranes og Mýra - og Borgarfjarðarsýsla.

Konur og karlar 41 - 60 ára.

Alls voru boðaðir 1.387

Alls komu 960 eða 69.2%

Rannsóknartími: Mars - júlí 1970.

Rannsóknarstaður: Sjúkrahúsið á Akranesi.

Rannsóknin framkvæmd af læknum Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar í Rvk. og starfsfólk á staðnum.

8. Akureyri, Eyjafjarðarsýsla, þrír hreppar Suður - Þingeyjarsýslu, Ólafsfjörður.

Konur og karlar 41 - 60 ára.

Alls voru boðaðir um .. 2.600

Alls komu 2.170 eða 83.5%

Rannsóknartími: Febrúar 1971 - maí 1973.

Rannsóknarstaður: Rannsóknarstöð Hjartaverndar, Hafnarstræti 101, Akureyri. Forstöðumaður Ásgeir Jónsson læknir. Læknar og starfslið á staðnum framkvæmdu rannsókn.

9. Siglufjörður.

Konur og karlar 41 - 60 ára.

Alls voru boðaðir 458

Alls komu 385 eða 84%

Rannsóknartími: Sept. - okt. 1972.

Rannsóknarstaður: Sjúkrahús Siglufjarðar. Læknar R.H. í Reykjavík, Ólafur Ólafsson og Nikulás Sigfússon, fóru til skiptis norður til rannsóknar.

10. Árnessýsla.

Konur og karlar f. 1907 - 1936.

Alls voru boðaðir 2.249

Alls komu 1.755 eða 78%

Rannsóknartími: Júlí 1973.

Rannsóknarstaður: R.H. Lágmúla 9, Reykjavík.

11. Rangárvallasýsla.

Konur og karlar 41 - 60 ára.

Alls voru boðaðir 586

Alls komu 289 eða um 50%

Rannsóknartími: Ágúst - des. 1973.

Rannsóknarstaður: R.H. Lágmúla 9, Reykjavík. Ath. Þátttaka sjálfsagt minni vegna fjarlægðar frá rannsóknarstað.

12. Austur – Húnnavatnssýsla.

Konur og karlar 41 – 60 ára.

Alls voru boðaðir 421

Alls komu 263 eða um 62.5%

Rannsóknartími: Maí – júní 1974 og janúar 1975.

Rannsóknarstaður: Héraðshælið á Blönduósi. Héraðslæknir á staðnum, Sigursteinn Guðmundsson, stóð fyrir rannsókninni og til aðstoðar voru læknar og hjúkrunarlið sjúkrahússins.

13. Ísafjörður og Ísafjarðarsýslur.

Konur og karlar 41 – 60 ára.

Alls voru boðaðir 1018

Alls komu 651 eða 64%

Rannsóknartími: Maí – sept. 1975

Rannsóknarstaður: Húsmæðraskólinn Ósk, Ísafirði. Héraðslæknirinn á Ísafirði og í Bolungarvík og starfslið á staðnum framkvæmdu rannsókn.

14. Patreksfjörður (Vestur-Barðastrandarsýsla).

Konur og karlar 41 – 60 ára.

Alls voru boðaðir 314

Alls komu 205 eða 65%

Rannsóknartími: Okt. 1975 – febrúar 1976.

Rannsóknarstaður: Sjúkrahúsið Patreksfirði. Héraðslæknar og starfslið á staðnum framkvæmdu rannsókn.

Á undan rannsóknum úti á landi var starfsfólk þjálfarð í R.H. í Lágmúla og sýni og skýrslur úr rannsóknunum voru sendar þangað til úrvinnslu.

III. Rannsóknir samkvæmt beiðni og tilvísun


15. Á tímum ára starfstíma R.H. hefur ávallt verið tekið á móti einstaklingum til rannsóknar vegna tilvísunar frá læknum. Einnig hafa allmargir stuðningsmenn og velunnarar Hjartaverndar verið rannsakaðir. Mun láta nærrri að fjöldi þess fólks, sem rannsakað hefur verið af þeim sökum, sé um 12.500.

Af þessu yfirliti sést að á tímum ára starfstíma bilið stöðvarinnar hafa verið framkvæmdar um 41.500 einstaklingsrannsóknir.

Á fyrrri hluta starfstímabilsins voru tveir læknar fastráðir á stöðinni, þeir Ólafur Ólafsson sem var yfirlæknir frá byrjun og Nikulás Sigfússon. Þegar Ólafur Ólafsson tók við embætti landlæknis haustið 1972 var Nikulás Sigfússon ráðinn yfirlæknir og hefur hann verið það síðan. Hann hefur því verið læknir stöðvarinnar allt starfstímabilið. Á seinni árum hafa starfað með honum ýmsir lausráðnir læknar í hluta úr starfi nema veturninn 1975 – '76 var Ársæll Jónsson læknir í fullu starfi um þriggja mánaða skeið. Nú hefur dr. Gunnar Sigurðsson verði ráðinn læknir á stöðinni.

Yfirljúkrunarkonur á stöðinni hafa verið: Elinborg Ingólfssdóttir 1967 – 1972, Anna María Kristjánsdóttir 1972 – 1974 og Inga Hrefna Búadóttir frá 1. maí 1974.

Starfsfólk Rannsóknarstöðvarinnar er nú um 20.



Yfirljúkrunarkona
Rannsóknarstöðvarinnar,
Inga Hrefna Búadóttir,
að störfum.

Mataræði, kólesteról og kransæðasjúkdómar

Frumorsök æðakölkunar þ.e. hvað hrindir henni af stað er að verulegu leyti óþekkt ennþá en hóprannsóknir, sem gerðar hafa verið í mörgum löndum á síðustu tveimur áratugum hafa leitt í ljós að viss líkams- og hegðunareinkenni einstaklinga auka verulega líkurnar á að viðkomandi einstaklingur með þessi einkenni fái síðar æðakölkun og þá sjúkdóma sem henni fylgja. Þessi einkenni hafa verið kölluð áhættubættir. Þessum fjölmörgu hóprannsóknum ber yfirleitt vel saman um hverjir séu helstu áhættubættir fyrir æðakölkun: hækkaður blóðþrýstingur, vindlingareykingar og hækkað kólesteról í blóði. Fleiri áhættubættir hafa einnig verið greindir, svo sem sykursýki o.fl. (sjá mynd 1).

Í þessari grein verður einkum fjallað um tengsl mataræðis, kólesteróls í blóði og æðakölkunar.

Kólesterólkennningin


Kólesteról finnst í blóði hvers einstaklings og gegnir þar lífsnauðsynlegu hlutverki í sambandi við eðilegan frumuvöxt í vefjum líkamans ásamt öðru. Hóprannsóknir hafa sýnt að meðalkólesterólmagn margra vestrænna þjóða er margfalt það, sem nauðsynlegt er til að sinna þessu lífsnauðsynlega starfi. Sterkar

líkur benda til að hátt kólesteról-magn í blóði eigi mikinn þátt í myndun æðakölkunar. Það sem einkum rennir stoðum undir þessa kólesterólkenningu er m.a. eftirfarandi:

- Vefjabreytingarnar í veggjum slagæðanna sem sjást við æðakölkun einkennast að verulegu leyti af kólesterólútfellingum. Sýnt hefur verið fram á með

ýmiss konar tilraunum að mest af þessu kólesteróli hefur síast úr blóðinu inn í æðavegginn.

- Unnt er að framkalla æðakölkun, svipaðri þeirri sem finnst í mannfólkunum, í mörgum dýrategundum, með því að gefa dýrunum fæði sín hækkar kólesterólið í blóði þeirra. Því meiri sem kólsterólhækkunin verður þeim mun meiri verða æðabreytingarnar og skemmri tíma tekur að framkalla þær. Í öpum o.fl. dýrategundum hefur einnig verið sýnt fram á að þessar æðabreytingar hverfa að verulegu leyti þegar dýrunum hefur að nýju verið gefið fæði sem lækkar kólesterólið aftur í blóði þeirra.
- Hóprannsóknir, sem gerðar voru í 7 þjóðlöndum, leiddu í ljós sterka fylgni milli meðalgildis kólsteróls heilla þjóða og tilíni kransæðasjúkdóma í þessum löndum. Þannig fannst hátt meðalgildi kólesteróls t.d. í Bandaríkjunum og Finnlandi



Mynd 1. Samverkan margra þáttar stuðlar að myndun æðakölkunar. Einn þessara þátt er hækkað kólesteról í blóði, sem orsakast m.a. af mikilli neyslu mettaðrar fitu.

- þar sem hins vegar þjóðir Suður Evrópu, t.d. Ítalíu og Grikklands, höfðu mun lægra meðalgildi af kólesteróli og kransæðasjúkdómar eru þar mun fátiðari.
- 4) Fjölmargar hóprannsóknir í mörgum löndum, þar sem fylgst hefur verið með stórum hópi fólks í allt að 20 ár, hafa þráfaldlega sýnt að áhættan á kransæðasjúkdómum stendur í beinu hlutfalli við kólesteról-gildi viðkomandi einstaklinga. Pannig er miðaldra karlmönum með kólesterólgildi ofan við 260 mg/dl tvisvar til þrisvar sinnum hættara við að fá ein-
- kenni um kransæðasjúkdóma innan 5-10 ára en þeim sem hafa kólesterólgildi neðan við 220 (samanber mynd 2). Til samanburðar má geta þess, að samkvæmt rannsókn Hjartaverndar hafa nær 40% miðaldra íslenskra karlmanna kólesteról-gildi ofan við 260.
- Tengsl mataræðis og kólesteróls í blóði*
- Kólesterólgildi einstaklinga ákvarðast bæði af erfðum og umhverfisþáttum. Sterkustu umhverfisþættirnir eru samsetning fæðisins og að minna marki líkams-
- þyngd. Þannig hafa menneldisrannsóknir glögglega leitt í ljós:
- 1) Unnt er að hækka kólesteról-gildi einstaklinga með því að gefa viðkomandi fæðu sem er auðug af mettaðri dýrafitu og kólesteróli en hins vegar er unnt að lækka kólesterólgildi flestra um 15-25% með því að minnka neyslu á mettaðri fitu og gefa í staðinn að nokkru leyti ómettaða fitu, svo sem finnst í vissum tegundum jurtaolíu og jurtsmjörlíkis.
 - 2) Sterk fylgni er milli meðalneyslu flestra þjóða af mettaðri fitu og meðalgildis kólesteróls í blóði. Hins vegar hefur sílik fylgni ekki


Dr. Gunnar Sigurðsson ráðinn læknir á Rannsóknarstöð Hjartaverndar



Gunnar Sigurðsson

Hinn 1. september síðastliðinn tók dr. Gunnar Sigurðsson til starfa sem læknir á Rannsóknarstöð Hjartaverndar. Gunnar Sigurðsson er fæddur árið 1942 í Hafnarfirði og ólst þar upp. Hann lauk stúdentsprófi frá M.R. 1962 og læknisprófi frá Háskóla Íslands árið 1968. Hann var aðstoðarhéralðslæknir á Sauðárkróki í fjóra mánuði árið 1968 en vann annars kandidatsár sitt á Landspítalanum og öðrum sjúkrahúsum í Reykjavík. Haustið 1969 hélt hann til Lundúna til framhaldsnáms í lyflækningum og efnaskiptasjúkdóum og starfaði að mestu á Hammersmithsjúkrahúsi. Dvaldist hann í Lundúnnum í fimm og hálftr ár og lauk doktorsprófi (Ph.D.) frá Lundúnaháskóla árið 1975. Fjallaði doktorsritgerð hans um fituefnaskipti. Sama ár fór hann vestur um haf og stundaði rannsóknir á fituefnaskiptum við Kaliforníuháskóla í San Francisco um tveggja ára skeið.

Gunnar Sigurðsson er kvæntur Sigríði Einarsdóttur og eiga þau 3 börn.



Kólesterolgildi, blóð, mg/dl

Mynd 2: Sýnir hvernig tíðni kransædasjúkdóma í miðaldra karlmönnum fer vaxandi með hækkuðu kólesteróli í blóði.

(Tekið úr bandarísku hóprannsóknunum national pooling project).

verið staðfest milli neyslu hvers einstaklings og kólesterolgildis hans. Líklegasta skýringin á þessum mismun er talin vera sú að mjög erfitt hafi reynst að gera nákvæma úttekt á neyslu hvers einstaklings yfir nógu langan tíma en þessi ónákvæmni komi ekki að sök þegar nógu margir einstaklingar í hóp séu kannaðir.

- 3) Nokkur fylgni er milli líkamsþyngdar og kólesteróls í blóði og við megrun lækkar klóesteról að jafnaði nokkuð.

Niðurstöður þessara rannsókna varðandi samsetningu mataræðisins hafa því verið að það sé einkum neysla á mettaðri dýrafitu, svo sem úr feitu kjöti og feitum mjólkurafurðum, sem ákvarði kólesterolgildið í blóði. Kólesterólið í fæðunni, sem einkum finnst í eggjaraðu, innmat og í minna mæli í kjöti og feitum mjólkurafurðum, hefur einnig áhrif á kólesteról í

blóðinu en í minna mæli en mettuð fita. Fjölómettuð fita eins og í vissum jurtaafurðum, olíu og smjörlíki, stuðlar hins vegar að lækkun kólesteróls í blóði. Svörun einstaklinganna er aftur á móti mismunandi og ákvarðast m.a. verulega af erfðum. Flestar þessara rannsókna hafa sýnt að neysla kolveta- og eggjahvituefna hefur út af fyrir sig óveruleg áhrif á kólesterolgildið nema að því leyti að ofneysla leiði til offitu sem stuðlar að hækkuðu kólesteróli. Áhrif klíðís á kólesterólbúskapinn er enn til rannsóknar.


talið líklegt að með því að finna áhættuþætti þessa fólks nógum snemma á ævinni, t.d. með því að minnka reykingar, lækka blóðþrýsting þess og kólesteról, mætti hindra eða tefja fyrir að einstaklingar með þessa áhættuþætti fengju æðakölkun. Í þessu skyni hafa verið gerðar nokkrar tilraunir á hópum fólks þar sem einum hópnum hefur verið ráðlagt mataræði sem lækkaði kólesteról þeirra en annar hópur hefur haldið áfram á sínu fyrra matarræði. Hópunum hefur síðan verið fylgt eftir í nokkur ár og samanburður gerður á fjölda þeirra einstaklinga í hvorum hópnum fyrir sig sem fengu einkenni um kransædasjúkdóm. Flestar þessara hóprannsókna hafa bent til þess að þeim hópi, sem ráðlagt var kólesteróllækkandi fæði, hafi vegnað betur, þ.e. færri einstaklingar í þeim hóp hafi fengið einkenni kransædasjúkdóms á þeim árum sem rannsóknin stóð yfir. Slikar hóptilraunir hafa þó reynst mjög erfiðar í framkvæmd og mörg vandamál hafa komið upp í sambandi við framkvæmd þeirra og úrvinnslu gagna. Tilraunir þær sem framkvæmdar hafa verið til þessa hafa því ekki verið gallalausar í framkvæmd og hafa því ekki sannad óyggjandi gildi slíkrar kólesteróllækkandi matarráðgjafar. Reiknað hefur verið út að það þurfi nálægt 40 þúsund þátttakendur í slíka hóptilraun ef óyggjandi svar eigi að fást við spurningunni. Vegna gifurlegs kostnaðar og erfiðleika við framkvæmd slíkrar stórtillraunar eru engar líkur á að slík tilraun verði gerð um fyrirsjáanlega framtíð. Þetta atriði skyldi haft í huga þegar rætt er um hvort ástæða sé til að ráðleggja almenningi um mataræði nú eða hvort bíða skuli frekari rannsókna. Í þeim hóptilraunum sem nú eru í framkvæmd erlendis er jafnframt matarráðgjöf einnig ráðist að öðrum áhættuþáttum svo sem hækkuðum blóðþrýstingi og reyk-

Íslenskt mataræði og kólesterolgildi í Íslendingum

Rannsókn Hjartaverndar sýndi að meðalgildi miðaldra íslenskra karlmanna var um 255 mg/dl., sem er með því hæsta sem gerist með nokkurri þjóð. Hvað veldur þessu háa kólesterolgildi? Könnun sem gerð var á matarræði hóps Reykjavíkinga og Árnesinga fyrir fáeinum árum benti til þess að yfir 40% af heildarorkumagni fæðisins væri fengið úr fitu og er þessi hundraðshluti síst minni en meðal þeirra vestrænna þjóða sem hafa hátt meðalgildi kólesteróls. Rannsókn Hjartaveindar hefur og staðfest að offita er mjög almenn á Íslandi. En eins og áður er getið ráða þessir þættir, fituneysla og offita, miklu um kólesterolgildið og því verður að teljast líklegt að þessir þættir valdi miklu um hið háa meðalgildi kólesteróls í Íslendingum.

Er unnt að draga úr tíðni kransædasjúkdóma?

Áðurnefndir áhættuþættir eru einkum taldir vera orsakavaldur að æðakölkun í fólk sem fær sjúkdómseinkenni fyrir sextíu og fimm ára aldur. Þess vegna hefur verið



Fjöldi áhættupáttta til staðar

Mynd 3: Sýnir samverkanir áhættuþáttanna þriggja, hækkaðs kólesteróls, hækkaðs blóðþrýstings og reykinga í orsök kransæðasjúkdóma. (Tekið úr bandarísku hóprannsóknunum national pooling project).

ingum, og þær munu því ekki svara spurningunni beint, hvort matarráðgjöf til almennings sé gagnleg.

Eins og fyrr var á minnst í þessari grein er unnt að valda æðakölkun í öpum o.fl dýrategundum, og tilraunir hafa sýnt að með því að gefa dýrunum fæði sem lækkaði kólesteról í blóði þeirra er unnt að snúa þróuninni við og þessar æðabreytingar hafa gengið til baka að nokkru leyti. Slíkar tilraunir er að sjálfsögðu ekki unnt að gera á mannfólk. Hins vegar hafa rannsóknir á fólk með einkenni um blóðrásartruflanir í fótum og víðar vegna æðakölkunar og sem jafnframt hafa hækkað kólesteról sýnt að með því að lækka kólesteról þeirra í blóði hefur blóðrásin til fótanna batnað. Þessar tilraunir benda því til þess að unnt sé að nokkru leyti að snúa þróuninni við, og líkurnar til þess að unnt að vera meiri því fyrr sem gripið er inn í spilið.


Um hvaða leiðir er að velja?

Í fyrsta lagi er unnt að leita að áhættupáttum með hópskoðunum eins og Rannsóknarstöð Hjarta-verndar hefur framkvæmt um árabil í rannsóknarskyni. Með slíkum hópskoðunum mætti finna þá úr fjöldanum sem mesta áhættuna hafa og veita þeim viðeigandi meðferð. Ýmsir segja að ekki ætti að ganga lengra í þessu skyni. Sé hins vegar kannað úr hvaða hópi fólk komi flestir sjúklingarnir með einkenni æðakölkunar þá kemur í ljós að tiltölulega fáir sjúklingar koma úr þeim hópi, sem kallast hafa mikil hækkað kólesteról eða með mikil hækkaðan blóðþrýsting, þar sem þessir sjúklingahópar eru tiltölulega litlir. Ef einungis þessi hópur væri meðhöndlaður mætti því ekki búast við verulegri fækken á tíðni kransæðasjúklinga. Meiri hluti kransæðasjúklinganna kemur hins vegar úr þeim stóra hópi fólk sem reykir en hefur jafnframt nokkra hækkuð á kólesteról í blóði (svipað því sem er meðalgildi á Íslandi) og lítilega hækkaðan blóðþrýsting. Eins og mynd 3 sýnir þá leggst sú áhætta saman sem hver þessara þriggja áhættupáttta veldur út af fyrir sig, þannig að samanlögð áhætta þessara einstaklinga er engu minni en þeirra einstaklinga sem hafa mikla hækkuð á kólesteról eða mikil hækkaðan blóðþrýsting. Þessi hópur fólk er hins vegar svo stór að skoða þyrfti alla þjóðina ef allir ættu að koma í leitirnar. Ekki væri heldur nóg að leita að áhættupáttum heldur yrði einnig að veita þessum einstaklingum ráðgjöf. Ef sú ráðgjöf ætti að vera einstaklingsbundin er hætt við að slíkt krefðist svo mikils heilsugæsluliðs og yrði svo kostnaðarsamt að það kæmi niður á öðrum og engu síður nauðsynlegum þáttum heilsugæslunnar.

Því er af flestum álið að eina framkvæmanlega ráðið til þess að ná til þessa stóra hóps sé með al-

mennum heilsugæsluráðleggingum og helst þyrftu slíkar ráðleggingar að komast til skila á skólaaldri áður en skaðinn er skeður. Einn liðurinn af mörgum í slíkum ráðleggingum til almennings er ráðgjöf um matarræðisvenjur sem stuðla að lækkuðu kólesteróli í blóði. Ráðgjafanefndir a.m.k. 7 vestraenna þjóða um þessi mál hafa talið rökin fyrir slíkri matarráðgjöf til almennings nægilega sterka og hafa gefið út ráðleggingar þar að lútandi til almennings og yfirvalda. Hösum við efni á að standa aðgerðalaus og horfa d? Það mætti líkja slíkri matarráðgjöf við notkun sætisbelta til að draga úr afleiðingum bifreiðaslysa. Einungis fáir af öllum fjöldanum sem nota þau lenda í umferðarslysum. Samt er það svo að notkun þeirra er nú orðin almenn og þykir sjálfsögð. Skynsamlegt mataræði kemur heldur ekki til með að hjálpa nema hluta þess hóps sem neytir þess. Hvaða einstaklingum það kemur til með að hjálpa er erfitt að spá fyrir um, þar sem kransæðasjúkdómar leggjast aðeins á suma einstaklinga en láta aðra einstaklinga í friði, jafnvel þótt þeir hafi svipaða áhættuþætti. Þessar æskilegu matarráðleggingar til almennings verða ekki frekar raktar hér að sinni en ég vildi taka fram að hér er ekki verið að ráðleggja neitt „sjúkrafæði“, heldur aðeins skynsamlega hófsemi í neyslu mettaðrar fitu og að forðast ofát hvers konar. Til þess að auðvelda slíka hófsemi í mataræði þyrftu landbúnaðurinn og stjórnvöld að koma til móts við neytendur og stuðla að framleiðslu búvöru sem samrýmdist best slíku hollustufæði. En jafnframt þyrfti að stuðla að aukinni neyslu sjávarafurða sem of langt yrði að ræða um hér. Afurðir þessa lands eru vissulega slíkar að með skynsamlegri nýtingu þeirra gæti íslenskt mataræði verið með því kjarnmesta og hollasta sem býðst.

ÁRSHÁTÍÐ í vændum?




Bjóðum alls konar mannfagnað velkominn.
Vistleg salarkynni fyrir stór og smá samkvæmi.
Veisluföng og veitingar að yðar ósk.

Hafið samband tímanlega.

HÓTEL
LOFTLEIÐIR Sími 22322

Holdafar

Erindi flutt á ráðstefnu um
neysluvenjur og heilsufar,
í Reykjavík
29. – 30. apríl 1977



Bjarni Torfason

Inngangur:

Fituvefur á réttum stöðum í réttu magni er heillandi. Menn sætta sig þó ekki við að meta holdafar eftir smekk eingöngu, heldur nota stöðugt flóknar aðferðir til að lýsa þessu fyrirbæri. Kroppnum er þá skipt í einstaka vefi og síðan talað um þyngd hvers vefjaflokks, beinabýngd, fituþyngd, vöðvaþyngd, þyngd líkamsvökva o.s.frv. Slík uppþskipti þyngdar verða aðeins gerð nákvæmlega með flóknum rannsóknum eins og Densitometri, hydrometri, whole body radio-potassium o.s.frv. Stundum eru skiptin áætluð með grófari mælingum eins og húdfellingamælingum og beinamælingum. – Oftar láta menn sér nægja enn grófari aðferð: mælingu á hæð og þyngd.

Holdafari einstaklinga og hópa er síðan lýst út frá þessum auðmældu stærðum. Margskonar holdafarsstuðlar hafa verið reiknaðir út frá hæð og þyngd: þyngd/hæð, þyngd/hæð², þyngd/hæð³, þyngd/hæð-100 ofl. ofl. (7). Hjartavernd (8) notar ofþyngdarstuðul¹ byggðan á Broca-Gewicht² við sjúkdómsgreiningu á offitu.³

Allir holdafarsstuðlar eru gallaðir að því leyti að þeir gera ekki greinarmun á því hvort ofþyngd stafar af t.d. vöðvum eða fitu.

Þannig er hugsanlegt að nokkur „vöðvafjöll“ leynist meðal hinna offeitu. Þetta kemur ekki að sök sé fjallað um meðaltöl í stærri hópum (20).

Við greiningu á offitu er miðað við ofþyngdarstuðul stærri eða sama sem 1,1 eða sem svarar 10% eða meira umfram Broca-Gewicht.

Fleiri aðferðir eru viðurkenndar við rannsóknir á holdafari. Hlutfallsleg þyngd er mikið notuð í þessu sambandi. Þá er miðað við allt frá 10–30% umfram ákveðna staðalþyngd sem mörk fyrir offitu. Staðalþyngd í þessu sambandi er þá ýmist meðalþyngd miðað við hæð og aldur a) íbúa viðkomandi lands, b) annars hóps, c) rannsóknarhópsins sjálfs, eða d) sem algengast er „kjörþyngd“⁴ skv. Metropolitan Life Insurance Co., sem aftur byggir á hæðar- og þyngdar-mælingum á yfir 4 milljónum einstaklinga sem bandarísk og kanadísk líftryggingafélög tryggðu á tímabilinu 1935–53, og rannsóknum á því hverjum var hagstæðast að selja líftryggingu.

Tilgangur þessarar greinar er að lýsa holdafari íslenskra karla á aldrinum frá 20–61 árs. Fjallað verður um líkamsþyngd í kg, líkamshæð í cm og ofþyngdarstuðul í kg/cm. Reynt verður að gera

samanburð á holdafari íslenskra karla fyrr og nú. Minnst verður á áhrif holdafars á heilsu og dánartíðni.⁵ Ég hef kosið að teikna myndir sem lýsa helstu tölfraðilegum eiginleikum í mjög stórum dráttum en vísa til frumheimilda um töflur sem að baki liggja, svo og um alla framkvæmd og úrvinnslu rannsóknanna sem vitnað er í.

Í hverri rannsókn er venjulega um samtíma mælingar að ræða á öllum aldursflokkum en áhugavert er að líta á ferlana sem fram koma eins og einum árgangi hafi verið fylgt eftir frá 20 til 61 árs aldurs.

1) Ofþyngdarstuðull: e. overweight index, obesity index, weight in kg/heigh in cm-100.

2) Broca-Gewicht: e. Height in cm-100.

3) Offita: Obesity, Adipositas 287.0 WHO 1967.

4) Kjörþyngd: ideal or desirable weight.

5) Morbidity and Mortality.


Holdafar í dag og samanburður við holdafar um síðustu aldamót

Hæð

Mynd 1 sýnir meðalhæð íslenskra karla nú nýverið í tveimur rannsóknum Hjartaverndar. Sú fyrri er á 34–61 árs körlum 1967–68. Þar voru mældir 2197 af 2955, sem boðin var þátttaka. Þetta var fyrsti áfangi enn stærri hóprannsóknar Hjartaverndar sem er ferilrannsókn.¹ Seinni Seinni rannsóknin er á 731 karli 20–34 ára 1973–74. Myndin sýnir einnig hvernig hæðin er háð aldri (1 og 2). Lóðrétt strik eru $\pm 2s/\sqrt{n}$.

Mynd 2 sýnir samanburð meðalhæðar íslenskra karla skv. mynd 1 og meðalhæðar íslenskra karla eins og hún var 1920–23. Mælingar frá 1920–23 voru gerðar á 699 einstaklingum á vegum Guðmundar Hannessonar (4). Af myndinni sést að 20–34 ára karlar eru nú að meðaltali nálægt 6.5 cm hærri en jafnaldrar þeirra fyrir 50–54 árum.

Mynd 3 sýnir meðalhæð íslenskra karla 34–61 árs eins og hún var



mæld 1967–68 (1), einnig sýnir hún líklega maximal hæð (brotin lína). Í þriðja lagi sýnir hún eðlilega lækkun hæðar með aldrinum hjá yngsta aldurs hópi, væri honum fylgt til 61 árs aldurs (punktalína). Tveir síðast-töldu ferlarnir byggjast á rannsóknunum á 9.814 norskum körlum. Þeir


voru mældir bæði 1966 og aftur '71–'72 (3). Sé þannig reiknað með sömu eðlilegri lækkun² með aldrinum hjá íslenskum og norskum körlum, sést af myndinni að íslenskir karlar hafa hækkað um að meðaltali nálægt 5 cm á 27 árum.

Til eru fleiri íslenskar rannsóknir á þessu sviði frá fyrri hluta aldarinnar og fyrr. Mælingar á beinum allt frá 900–1500 svo og á yngri beinum (10). Þrjár rannsóknir á mönnum frá 1910–14 (10). Mælingar gerðar 1938–40 á vegum Manneldisráðs (11). Samantekt á mælingum vegna vegabréfa 1946 (10). Sýnt hefur verið fram á fylgni meðalhæðar og mannfjölda og leiddar líkur að því að þjóðin muni útrýmast fari meðalhæð íslenskra karla mikið niður fyrir 167 cm (10).



Mynd 3A sýnir hvernig líklegt er að max. meðalhæð (þ.e. hæð um 30 ára aldur) hafi aukist á þessari öld. Til viðmiðunar er fjöldi fæddra einstaklinga á ári umfram dána á sama tímabili. Rannsóknir sem vitnað er í frá árunum 1910–14, 1939–40 og

¹ Ferilrannsókn: e. follow-up study, longitudinal study, prospective study.

² Eðlileg lækkun með aldrin: e. physiological.



MYND 1 Meðalhæð íslenskra karla 20–61 árs.



1946 (10 og 11) og merktar eru spurningarmerki, byggja á frekar fáum mælingum eða ná yfir stærra aldursbil þannig að í þeim felst bæði fullvaxnir menn og menn sem farnir eru að ganga saman. Punktur sem

fellur á árinu 1979 og sýnir meðalhæð (30 ára) þá, er e.t.v óábyggilegur, þar sem um er að ræða meðalhæð viðkomandi manna eins og hún var 1973-74 þegar þeir voru 25 ára. (1, 2, 3, 4, 10, 11, og 19).

Pyngd


Mynd 4 sýnir meðalþyngd íslenskra karla nú nýverið, skv. (1 og 2). Meðalþyngd virðist aukast um sem næst 0,65 kg á ári til 37 ára aldurs, en lækka síðan um sem næst 0,33 kg á ári eftir það. Lóðrétt strik eru $\pm 2s/\sqrt{n}$.

Mynd 5 sýnir samanburð meðalþyngdar íslenskra karla skv. mynd 4 og meðalþyngd íslenskra karla eins og hún var 1920-23 (4). Myndin lýsir betur en orð hversu miklu léttari karlar voru um síðustu aldamót og virðast ekki hafa þyngst verulega framan af fullorðinsárum eins og nú gerist.

Ofþyngdarstuðull¹

Dreifing ofþyngdarstuðla íslenskra karla í aldurshópnum frá 34-61 árs sjást á mynd 6. Til viðmiðunar eru mörkin 1,1, sem notuð eru við að greina offitu. (1 og 8) Öll fraktlin hækka frá yngsta aldurshópi til þess næsta en eru sem næst lárétt eftir það. Með öðrum orðum,

¹ Ofþyngdarstuðull: e. overweight index, weight in kg/height in cm $\div 100$, obesity index.



íslenskir karlar grennast ekki með aldrinum eins og myndir af meðalþyngd (mynd 4 og 5) geta gefið mönnum tilefni til að halda heldur bæta menn á sig holdum ef eitthvað er.

Mörk fyrir offitu á myndinni liggja nálægt þeim stað þar sem 65% fraktilið myndi liggja.

Af 2197 körlum 34–61 árs reyndust 764 hafa ofþyngdarstuðul hærri eða sama og 1,1. Með öðrum orðum 34.78% greindust offeitir skv. (1 og 8).

Á mynd 7 má sjá meðal-ofþyngdarstuðla íslenskra karla 20–61 árs nú nýverið (1 og 2) og sést þar hvernig meðal-ofþyngdarstuðull


hækkar frá því um 0.9 um og eftir 20 ára, uppfyrir 1.0 um 34 ára aldur og helst síðan í kringum 1.05 frá 35–57 ára.

Myndin sýnir einnig samanburð á meðalofþyngdarstuðlum fyrr og nú og sést af þeim samanburði hversu miklu gренni íslenskir karlar voru um síðustu aldamót. (4)

Myndin sýnir einnig meðalofþyngdarstuðla 215.878 norska karla nú nýverið á sama aldursbili (5). Meðalofþyngdarstuðlarnir eru reiknaðir út frá meðalhæð og þyng sem er með nálgun sama og meðal-ofþyngdarstuðlar.

Inn á feril yfir meðalofþyngdarstuðla íslenskra karla 34–61 árs

1967–68 eru teiknuð gildin: $\pm 2s$ / / n. Myndin ber með sér að íslenzkir karlar eru holdugri (= feitari) en þeir norsku, sérstaklega á þetta við milli 34 og 52 ára þar sem munurinn er mikill.



Árstíðasveiflur


Mynd 9 sýnir vikulegar sveiflur á meðalþyngd 2197 íslenskra karla 34–61 árs 1967–68 eftir því hvenær árs þeir mættu til rannsóknar (1). Í fljótu bragði virðist þyngdin aukast fyrst framan af árinu 1968 ef hún er borin saman við þyngdina á 50. viku ársins 1967. Einnig virðast toppar og lægðir fylgja velþekktum árlegum viðburðum með þjóðinni svo sem jólum, árshátíðum og sumarfríum, svo eitthvað sé nefnt.

Sé myndin athuguð nánar sést að lambda gildin benda til þess að hér er sé um missýn að ræða og ekki sé um árstíðasveiflur að ræða heldur eðlilega tilviljun í dreifingu stærða sem lúta normaldreifingu.

Mynd 9A er gerð til þess að ganga úr skugga um þetta endanlega og sést þar að um eðlilega normaldreifingu er að ræða á niðurstöðum mælinga með tilliti til þess hvenær árs mælingar voru gerðar.

Hér er því ekki um marktækar árstíðasveiflur að ræða.

SKV. (1) OG (2).



MYND 5 Meðalþyngd íslenskra karla 20–61 árs.
Skv. (1), (2) og (4).



Ahrif holdafars á heilsu

Ofþyngd er áhættuþáttur ýmissa sjúkdóma og eykur dánartíðni. Sérstaklega eykst dánartíðni vegna fimm sjúkdómaflokka:



Hjarta og æðasjúkdóma,
sykursýki,
skorpulifrar,
botnlangabólgu,
og gallsteina. (9)

Einnig fylgir offitu fjöldi sjúkdóma og aðrir sjúkdómar verða þyngri að bera. Samband þyngdar við eftirtalda sjúkdóma og orsakir þeirra er ýmist ljóst eða ekki: Hækkað kólesterol í sermi, hækkaður diastoliskur blóðþrýstingur, blóðsykur og þvagsýra, sem allt eru áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma, æðahnútar, bláæðabólgi, gyllinæð, pokamyndanir í ristli, ristilkrabbamein, totumyndanir í ristli, auk fleiri ristilssjúkdóma, kviðslit, ýmis krabba mein (brjósta, legslímhúðar ofl.) lungnasjúkdómar, briskirtilsbólga, slitgigt ofl. Einnig er aukin slystíðni en menn eru ósammála um sjálfsmorðstíðni. (9, 13, 14, 15). Sumir eða allir þessara sjúkdóma eru tengdir umhverfisþáttum, ekki síst næsta umhverfi mannsins, fæðunni, bæði magni og samsetningu (13 og 16).

Mynd 8 sýnir ofþyngdarstuðla íslenskra karla 20-61 árs en til viðmiðunar eru ofþyngdarstuðlar 1237 sáenskra karla á þessu aldursbili af 1266, sem reyndust vera „frískir“ af 3624 körlum sem rannsakaðir voru 1961-62 (6). Útilokaðir voru þeir sem greindust með einhverja sjúkdóma skv. WHO¹. Þar af 357 með ýmsa hjartasjúkdóma, óeðlilegt hjartalínurit eða fjölskyldusögn um kransæðasjúkdóma. Útilokaðir voru og 137 einstaklingar sem greindust offeitir en höfðu ekki aðra sjúkdóma (6). Af þessu sést að ætla má að einhverjir



¹ WHO: í, Alþj. Heilbr. stofnunin., Sameinuðu Þj.




sjúkdómar hafi greinst hjá langflestum þeirra sem voru offeitir. (137 er jafnt og 3,8% af 3624 og 11% af 1237). Mætti því hugsa sér ofþyngdarstuðla þessara Svía sem „kjörþyngdarstuðla“

Metropolitan Life Insurance Co. hefur birt töflur yfir „kjörþyngd“ miðað við hæð og aldur. Þær eru byggðar á dánartíðni hjá mjög stórum hópi manna eins og fyrr segir. (15, 17, 18). Mynd 10 sýnir samband þyngdar og dánartíðni skv. (9). Gróft séð minnka líkur manns til að ná meðalævilengd um ca. 15% við hver 10% sem hann þyngist. Hér er rétt að benda á að meðalþyngd íslenskra karla liggur verulega ofan „kjörþyngdar“ skv. Metropolitan Life Ins. Co. sbr. mynd 11 (15).


Helstu niðurstöður

- Meðalhæð íslenskra karla hefur aukizt um liðlega 6 cm það sem afer þessari öld.
- Hækkun meðalhæðar og fjölgun hefur fylgst að.
- Meðalþyngd hefur aukist mjög mikið á þessari öld, sérstaklega í aldursflokkum þar sem fullri hæð er náð.
- Nálægt 35% fullorðinna karla greinast offeitir.
- Þeir virðast álíka feitir árið um kring.
- Íslenskir karlar eru holdugri en norskir.
- Heilsubrestur og stutt ævi fylgir offitu.
- Vandamálið „offita“ er að aukast á Íslandi.
- Verkefni eru næg fyrir alla sem úr vilja bæta.

Bjarni Torfason




Hóprannsókn Hjartaverndar á Reykjavíkursvæðinu 1967-68.



MYND 11 Meðalþyngd íslenskra karla 34—61 árs. Til viðmiðunar er kjörþvngd karla skv. „Metropolitan Life Insurance Co“.

Heimildarskrá:

- 1) Bjarni Torfason, Davíð Davíðsson Nikulás Sigfússon, Ólafur Ólafsson og Ottó J. Björnsson: Skýrsla Á X V. Hóprannsókn Hjartaverndar 1967-68. *Hæð þyngd og þyngdarstuðull*. Rannsóknarstöð Hjartaverndar, Rvk. 1977, í undirbúningi.
- 2) Nikulás Sigfússon: 1977 personal communication unpublished data. Rannsóknarstöð Hjartaverndar.
- 3) Anders Forsdahl et H.Th. Waaler: Høydeforandringer i relasjon til alder. T. norske Lægeforen. 1976, 96, 211-215.
- 4) Guðmundur Hannesson: Køpermasse und körperproportionen der Islander. Reykjavík, 1925 (fylgirit Árbókar Háskólangs).
- 5) Anders Forsdahl et H.Th. Waaler: Høyde og vekt i Norge i slutten av 1960-rene. T. norske Lægeforen. 1976, 96, 215-219.
- 6) Carlson LA, Lindstedt S: The Stockholm prospective study. The Initial Values for Plasma Lipids. Acta Med. Scand. Suppl. 493, 1968.
- 7) Kein B.E.K. et al: Overweight Indices as correlates of Coronary Heart Diseases and Blood Pressure. HUM BIOL 45/3 329-340, 1973.
- 8) Ottó J. Björnsson: 1970. Skýrsla I, greiningalyklar ofl. Rannsóknarstöð Hjartaverndar Rvk. 1970.
- 9) Marks H.H.: Influence of obesity on morbidity and mortality. Bull. Ny. Acad. Med. 36: 296-312, 1960.
- 10) Jón Steffensen: Menning og Meinsemdir. Ísafoldarprentsmiðja h.f. 1975, Rvk.
- 11) Július Sigurjónsson: 1943: Rannsóknir Manneldisráðs I (1939-1940). Mataræði og heilsufar á Íslandi. Manneldisráð, Rvk. 1943.
- 12) Thelle DS, et al: 1976, The Tromsø Heart Study. Methods and Main Results of the Cross-sectional Study. Acta Med. Scand. 200:107-118, 1976.
- 13) Denis P. Burkitt: Some Diseases Characteristic of Modern Western Civilization. British Med. J. 1973, 1, 274-278.
- 14) F. de Waard: Breast Cancer Incidence and Nutritional Status with Particular Reference to Body Weight and Height. Cancer Research 35, 3351-3356, 1975.
- 15) Metropolitan Life Ins Co. New Weight standards for men and women. Stat Bull Metropol. Life Ins. Co., 40: 1-10 1959.
- 16) W. Philip T. James: Dietary fibre. Medicine 2nd ser No 20, 1976.
- 17) Carl C. Seltzer and Jean Mayer: How Representative Are the Weights of Insured Men and Women? JAMA 201: 221-224, 1967.
- 18) Brozek J.: Book Review. Build and blood pressure study. Human biol. 32: 320-325, 1960.
- 19) Tölfræðihandbók. Hagstýrslur Íslands II, 63. Reykjavík 1976.
- 20) Abraham Kagan et al: Epidemiologic Studies of Coronary Heart Disease and Stroke in Japanese Men Living in Japan, Hawaii and California: Demographic, Physical, Dietary and Biochemical Characteristics. J. Chron Dis. 27: 342-364, 1974.



Frystiskápar og kistur í úrvali frá Bauknecht

- * Fljót og örugg frysting.
- * Öruggar og ódýrar í rekstri.
- * Sérstakt hraðfrystihólf.
- * Einangraðar að innan með áli.
- * Eru með inniljósi og læsingu.
- * 3 öryggisljós, sem sýna ástand tækisins og margir fleiri kostir.

Greiðsluskilmálar eða staðgreiðsluafsláttur.
Leitið upplýsinga strax.


Bauknecht
veit hvers konan þarfast



Samband íslenzkra samvinnufélaga
VÉLA ÆDEILD
Ármula 3 Reykjavík sími 38900

Sjúkdómar í meltingarfærum hjá Íslendingum

Erindi flutt á ráðstefnu um neysluvenjur og heilsufar í Reykjavík, 29. apríl 1977



Bjarni Þjóðleifsson


Inngangur: Í þessu ágripi verður fjallað um þá sjúkdóma í meltingarfærum, sem ætla má að geti stafað af neysluháttum okkar eða umhverfi. Upplýsingar um tíðni þessara sjúkdóma eru af skornum skammti, en dregin verða saman hér þau gögn, sem höfundi er kunnugt um. Ekki verður fjallað um krabbamein eða önnur æxli, þar sem þeim verður gerð skil annars staðar á þessari ráðstefnu.

Magasjúkdómar: Tíðni magasjúkdóma er hér allfrábrugðin því, sem gerist hjá nágrannajþjóðum og einnig frábrugðin því, sem búast má við eftir upplagi Íslendinga. Tíðni O blóðfloks er um 56% meðal Íslendinga og er það hæsta tíðni í Evrópu að Böskum undanskildum.¹ Það er vel þekkt að nokkur fylgni er með skeifugarnarsári og blóðflokk. O og mætti því búast við hárrí tíðni þessa sjúkdóms hér á landi, en svo er ekki. Þetta kemur óbeint fram af því að hlutfallið milli skeifugarnar- og magasára er hér 0,82 (2), en víðast hvar í örðrum löndum er það yfir 5 og í Bandaríkjunum nálægt 10 (3).

Nýlega framkvæmdu læknar á Landakotsspítala og læknar á Gentofte sjúkrahúsini í Kaupmannahöfn samanburðarannsókn á sjúklingum sem lögðust inn með magakvartanir (4). Gerð var magaspeglun og tekin vefjasýni frá maga-

slímhúð. Kom þá í ljós að bólgyr í neðri hluta maga (antrum) voru marktækt algengari meðal Íslendinga en Dana (mynd 1). Jafnframt var gerður samanburður á neyslu

ýmissa fæðu- eða lyfategunda, sem geta valdið magabólgyum (kaffi, áfengi, aspirin,) og reyndist enginn marktækur munur milli Dana og Íslendingum í þessum efnum.




Tíðni magabólgu hjá íslenskum og dönskum sjúklingum.

Óbeinn samanburður á tíðni magabólgu hefur verið gerður milli heilbrigðra Íslendinga og norð-austur skota (5). Mæld voru mótefni í blóði gegn magaslímhúð (anti gastric antibodies) og reyndist tíðni þeirra marktækt meiri meðal Íslendinga einkum tíðni sterkra mótefna (6) (mynd 2). Mótefni þessi geta verið orsök eða afleiðing magabólgu og þarf frekari rannsóknir til að greina þar á milli.

Tíðni maga og/eða skeifugarnarsára meðal Íslendinga hefur verið könnuð með spurningarlista af Hjartavernd. Ekki reyndist mögulegt að greina milli þessara tveggja sjúkdóma með þessari aðferð og er þeim því slegið saman. Þetta gerir samanburð við önnur lönd erfiðan. Tíðni er töluvert meiri meðal karla en kvenna (myndir 3 og 4) í öllum aldursflokkum. Athuglisvert er að um 16% karla yfir 45% aldri hafa leitað læknis vegna maga og/eða skeifugarnarsára og um 6% yfir fimmtugt hafa gengið undir skurðaðgerð. Til samanburðar leita aðeins 2-3,5% kvenna læknis fyrir fimmtugsaldur, og um 6% kvenna yfir fimmtugt. Þessi lága tíðni maga og/eða skeifugarnarsára hjá konum undir fimmtugsaldri stafar sennilega af verndandi áhrifum kven-hormona.

Niðurstöður af þessari samantekt um magasár og bólgyr hjá Íslendingum er að þessi vandamál séu mun tíðari hér en hjá nágrannabjóðum. Telja verður líklegt að þessi munur sé bundinn matarræði okkar eða umhverfi en erfitt er að benda á ákveðna þætti. Rannsókna er þörf á þessu sviði. Einnig er líklegt að hinar tíðu magabólgyr hjá Íslendingum standi í sambandi við magakrabba mein eða séu undanfari þess.

Gallsteinar: Tíðni gallsteina hefur aukist meðal iðnvæddra þjóða á



Algengi mótefna gegn magaslímhúð hjá heilbrigðum.

Þessari öld en hún er ennþá lág hjá vanþróuðum þjóðum (7). Gallsteinar virðast því vera velmegunarsjúkdómur, en sumir þjóðflokkar hafa þó mun hærri tíðni en aðrir sem lífa við sömu skilyrði. Hæst mun tíðnin vera hjá indjánum í Norður-Ameríku. Í Svíþjóð hefur 25% kvenna á fimmtugsaldri gallsteina og er þetta verulegt heilsuvandamál.


Tvær rannsóknir hér á landi gefa ábendingu um tíðni gallsteina en önnur þeirra er þó nokkuð gömul. Það er rannsókn Þórarins

Sveinssonar á tíðni gallsteina við krufningu 1932 - 1956 (mynd 5). Konur höfðu hærri tíðni en karlar í öllum aldursflokkum og var tíðni um 10% hjá konum 40-60 ára, en meir en 20% hjá konum 70-90 ára. Búast má við að tíðnin sé mun hærri í dag.


Rannsókn Hjartaverndar hefur leitt í ljós tíðni gallvegasjúkdóma hjá konum samkvæmt spurningarlista. Við þritugsaldur hefur um 2% kvenna klinisk einkenni um gallsteina og fer tíðnin vaxandi með aldrinum og nær 6,7% í aldurs-

Aldursflokkar

Mynd 3-4



Aldursflokkar



floknum 55-59 ára og þar að hafa 5% gengist undir skurðaðgerð (mynd 6). Nú má búast við að aðeins annar eða þriðji hver gallsteinn gefi einkenni og væri þá raunveruleg tíðni um 20% hjá konum yfir fimm-


tugt og er þá tíðnin farin að nálgast það sem hún er í Svíþjóð.

Ennbá er margt á huldu um orsakir gallsteina en verulegar framfarir hafa þó orðið í skilningi á gallsteinum síðasta áratuginn. Konur

hafa alstaðar hærri tíðni en karlar en að því fráskildu virðist matarræðið vera mikilvægasti þátturinn í orsökum gallsteina. Einkum virðist skortur á trefjaefnum og mikil neysla á finunnum kolvetnum á-

samt offitu geta stuðlað að gallsteinamyndun (8). Neysla á fjölgómettuðum fitusýrum virðist einnig lítillega geta aukið gallsteinamyndun (9). Rétt er að hafa í huga að fjölgómettaðar fitusýrur geta lækkað kólesteról í blóði en það er einkum karlmenn sem þurfa á slíkri meðferð að halda, en þeim er síður hætt við gallsteinum er konum.

Liffrarsjúkdómar: Algengasti liffrarsjúkdómurinn í heiminum í dag er skorpulifur sem í langflestum tilfellum orsakast af alkoholneyslu. Skorpulifur er mjög alvarlegt vanda mál í löndum þar sem alkoholneysla er mikil og í stórborgum eins og New York þar sem dánartíðni af völdum skorpulifur hefur náð 75 á 100.000 íbúa. (Hærri dánartíðni en af völdum hjarta- og æðasjúkdóma.) Hér á Íslandi er dánartíðni með því




Tíðni gallsteina við krufningu hjá íslendigum 1932-1956.

Pórarinn Sveinsson, Læknablaðið
1959, 43, 65-71.

Aldursflokkar.

Mynd 6.




Klinisk tíðni gallvegasjúkdóma hjá íslenskum könum.

Hjartavernd 1967-1968.

Mynd 7

Aldursflokkrar.



Tíðni botnlangabólgu hjá íslenskum konum

Hjartavernd 1967-1968

lægsta sem þekkist eða 2,1 (10, 11.). Meginástæðan fyrir þessu hagstæða ástandi er lítil heildardeysla á alkoholi. Þó er misræmi milli tíðni áfengissýki hér á landi, sem er mjög algeng, og skorpulifrar sem er mjög sjaldgæf. Ein skýringin gæti verið sú að túradrykkja er tiltölulega algengt form áfengissýki hér, en vitað er að samfelld áfengisneysla er hættulegri fyrir lifrina en neysla á sama magni með hléum á milli. Ennfremur er neysla á eggjahvítu hér óvenju há og gæti það verndað lifrina fyrir áhrifum alkohols að nokkru leyti.

Ristilsjúkdómar: Á síðustu árum hafa komið fram tilgátur um að margar tegundir ristilsjúkdóma (t.d. ristilpokar, gyllinæð og botnlangabólga) stöfuðu af skorti á trefjaefnum í fæðunni (12). Þessar kennningar eru studdar bæði faraldsfræðilegum rökum og lífeðlisfræði-

legum tilraunum. Sterkustu rökin fyrir þessu er hin lága tíðni ristilsjúkdóma meðal þjóða, sem neyta trefjaríks fæðis, svo og aukning á tíðni þessara sjúkdóma þegar vestrænar þjóðir breyttu frá trefjaríku til trefjasnauðs fæðis. (12).

Upplýsingar um útbreyðslu ristilsjúkdóma meðal íslendinga eru mjög litlar. Tíðni botlangatöku hjá íslenskum konum var könnuð með spurningarlista af Hjartavernd 1967-68 (mynd 7). Við þritugsaldur höfðu um 30% misst botnlangann og 40% á sextugsaldri. Þó engar rannsóknir liggi fyrir um tíðni ristilpoka og gyllinæðar bendir klinisk reynsla til að þessir sjúkdómar séu fullt eins algengir hér og hjá nágrennaþjóðum.

Niðurstöður þessara hugleiðinga eru þær að stór hluti af sjúkdómum í meltingarfærum hjá íslendingum sé tengdur neysluvenjum eða umhverfi. Það virðist mögulegt að

breyta neysluvenjum í þá átt að minnka hættu á gallsteinum og ristilsjúkdómum. Ekki er ennþá nóg vitað um orsakir magabólgu og magasára til að hægt sé að ráðleggja fyrirbyggjandi aðgerðir.

Heimildarrit:

- 1) Donegani JA, Dugal N, Ikin EW, Mourant AE. The Blood Group of the Icelanders, Ann. Eugen. London 1950 15, 147-52.
- 2) Hjalti Þórarinsson. Læknablaðið 1975. 61, 5-8, bls. 41-51.-
- 3) Jordan SM. Peptic ulcer in the United States of America. In Proceedings of the World Congress of Gastroenterology, Washington 1958 Vol 1. pp. 25-29, Williams & Wilkins, Baltimore.
- 4) E Oddson, V Binder, T Thorgeirsson, Ta Jónasson, O Gunnlaugsson, M Wulff. K Jónasson, HR. Wulff, O Bjarnason and P Riis, St Josefsþópitalinn, Dept. of Pathology University og Iceland, Reykjavík, Iceland and Dept. B. Gentofte Hospital. University of Copenhagen. Denmark. Bíður birtingar.
- 5) Bjarni Þjóðleifsson. Hedley AJ o.fl. Óutgefisíð.
- 6) Hóprannsókn Hjartaverndar, 1967-68. Skýrsla AII 1971.
- 7) Brett M, Barker DJD. The World Distribution of Gallstones. Intern J. of Epidemiol. 1976 5:4, 335.
- 8) Heaton KW. The epidemiology of gallstones and suggested aetiology. Clin. Gastroenterol 1973, 2, 67.
- 9) Dayton S, Pearce ML, Hasimoto S, Dixon WJ & Tomiyasu V. A controlled clinical trial of a diet high in unsaturated fat in preventing complications of atherosclerosis. Circulation 1969 40. Suppl. II.
- 10) Lieber CS, The Metabolism of Alcohol, Scientific American 1976, 234: 3 25.
- 11) Tölfræðihandbók 1974. bls. 53. Reykjavík 1976.
- 12) Burkitt DP, Walker ARP & Painter NS. Effect of dietary fibre on stools and transit-times and its role in the causation of disease. Lancet 1972 ii 1408.

Taktui tvær

Báðar eru jafnnauðsynlegar.
Önnur varðar húseign og fastar innréttningar, hin tryggir innbúið.
Hringdu eða líttu inn og kynntu þér mismuninn
á húseiganda- og heimilistryggingu og hvers vegna þú þarf þær báðar.

Láttu okkur um óvæntu skellina. Það er okkar starf.

SAMVINNUTRYGGINGAR GT
ÁRMÚLA 3 SÍMI 38500

02-45



RANNSÓKNIR HJARTAVERNDAR

Erindi flutt á ráðstefnu um neysluvenjur og heilsufar í Reykjavík, 29. – 30. apríl 1977



Nikulás Sigfússon

Það er kunnara en frá þurfí að segja, að hjarta- og æðasjúkdómar eru nú orðnir eitt alvarlegasta heilsufarsvandamál sem við er að fást meðal margra þjóða, sérstaklega þeirra sem búa við efnahagslega velmegun. Hjá þessum þjóðum mun láta nærrí að 30–50% allra dauðsfalla orsakist af hjarta- og æðasjúkdónum, um þriðjungur allrar varanlegrar örorku á rætur sínar að rekja til þeirra og 10–20% allra læknisviðtala eru í sambandi við þá. Víðast hvar hefur tíðni þessara sjúkdóma farið stöðugt vaxandi og þeirra gætir hjá æ yngra fólk.

Vegna þess hve umfangsmikið og margbrotið þetta vandamál er hafa faraldsfræðilegar rannsóknir á stórum hópum manna þótt henta vel til rannsókna á orsökum hjarta- og æðasjúkdóma. Það hefur einnig verið talið líklegt, að slíkar rannsóknir verði til þess að finna megi ráð til að beita fyrirbyggjandi aðgerðum.

Hóprannsókn sú, sem fram hefur farið á Rannsóknarstöð Hjarta-verndar síðan 1967, er þannig faraldsfræðileg rannsókn sem fyrst og fremst beinist að hjarta- og æðasjúkdónum og ýmsum atriðum sem þeim eru tengd eða haft geta áhrif á tíðni þeirra. Í því sem á eftir fer mun ég leitast við að lýsa að nokkru þess-

ari rannsókn og helstu niðurstöðum.

SKÝRING HUGTAKA

Áður en lengra er haldið skal gerð nokkur grein fyrir þeim hugtökum sem notuð verða hér á eftir (tafla I.). *Faraldsfræðileg rannsókn:* Þegar rætt er um faraldsfræðilega rannsókn er átt við rannsókn á nánari tilgreindum hóp manna til að kanna sjúkdóma í þessum hóp eða ýmis atriði er geta haft áhrif á heilsufar hópsins. Sérstök tegund faraldsfræðilegrar rannsóknar er *ferilrannsókn* (e. prospective study) en þá er fylgst með hópnum tiltekið tíma-

bil með endurteknum athugunum. Hópur sá, sem rannsakaður er, er kallaður *þýði* (e. population). *Algengi* sjúkdóms (e. prevalence) er sá hundraðshluti hópsins sem haldinn er sjúkdónum. *Nýgengi* sjúkdóms (e. incidence) er sá hundraðshluti hópsins er veikist af sjúkdónum á ári hverju. *Áhættupáttur* er sérvvert það sameiginlegt einkenni hóps sem hefur hærri tíðni ákveðins sjúkdóms en hópur sem ekki hefur einkennið.

